STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2021, mánudaginn 28. júní kl. 13:00 var haldinn 307. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn á Bæjarhálsi 1, og um fjarfundarbúnað.

Fundarfólk: Brynhildur Davíðsdóttir, Gylfi Magnússon, Eyþór Laxdal Arnalds, Sigríður Rut Júlíusdóttir, Hildur Björnsdóttir, Valgarður Lyngdal Jónsson og Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir, sem tók þátt um fjarfundabúnað. Fulltrúi starfsmanna var ekki viðstaddur fundinn.

Einnig sat fundinn Bjarni Bjarnason, forstjóri.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Þetta gerðist:

1. Fundargerð SF 306 lögð fram og samþykkt. Fundargerðin verður undirrituð rafrænt.

2. Klukkan 13:10 mætti Ingvar Stefánsson, framkvæmdastjóri fjármála til fundarins og gerði grein fyrir stöðu fjármögnunar, og lagði fram og fór yfir rekstraryfirlit janúar – maí 2021. Umræður.

   Klukkan 13:30 mættu Kristjana Kjartansdóttir, forstöðumaður áhættustjórnunar og ferla og Dagmar I. Birgisdóttir, sérfræðingur í rekstraráhættu til fundarins og fóru ásamt Ingvari yfir rekstraráhættur, stöðu og áskoranir.

   Áhættuskýrsla, dags. 21.06.2021, lögð fram.

3. Edda Sif Pind Aradóttir, framkvæmdastýra Carbfix ohf. mætti til fundarins kl. 13:45 og lagði fram svohljóðandi tillögu dags. 28.06.2021.
   Tillögunni fylgir greinargerð.

   > *Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir fyrir sitt leyti að stofnað verði nýtt rekstrarfélag um verkefni Carbfix, hlutafélag Carbfix hf., sem verði dótturfélag Carbfix ohf. Jafnframt samþykkir stjórn fyrir sitt leyti að í framhaldinu verði stofnuð félög um einstök kolefnisförgunarverkefni. Samþykkt þessi er með fyrirvara um heimild hluthafafundar Carbfix ohf. og eigendafundar OR.*

   Samþykkt samhljóða.

   Lagt fram erindi Árnason Faktor f.h. Landsvirkjunar og HS Orku dags. 14. júní 2021. Umræður.

   Edda Sif gerði grein fyrir hugmyndum um greiðslulíkan fyrir aðgang að hugverkum og aðferðum Carbfix.

4. Lögð fram kynning Hólmfríðar Sigurðardóttur umhverfisstjóra á samþættingu umhverfis- og auðlindastefnu og stefnu um vistvænar samgöngur til samþykktar.

   Lagðar til að breytingar á stefnunum þannig að þær verði sameinaðar í eina umhverfis- og auðlindastefnu. Samþykkt.

5. Klukkan 14:53 mætti Kristjana Kjartansdóttir til fundarins og lagði fram til rýni gæðastefnu Orkuveitu Reykjavíkur. Lagðar til nokkrar breytingar á stefnunni. Stefnan rýnd og samþykkt með breytingum.

6. Lagt fram minnisblað um stöðu umhverfismælikvarða dags. 16. júní 2021 og um forðagæslu, dags. 22. júní 2021. Umræður.

7. Forstjóri lagði fram og gerði grein fyrir skýrslu sinni, dags. 27. maí 2021, um starfsemina á milli stjórnarfunda. Umræður.

8. Önnur mál.

    - Lagt fram uppfært minnisblað Elínar Smáradóttur, dags. 21. júni 2021 sem er svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins í borgarráði, um greiðslur til starfskjaranefndar Orkuveitu Reykjavíkur. Umræður.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 15:30

Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 23. ágúst 2021.

Brynhildur Davíðsdóttir,
Gylfi Magnússon, Sigríður Rut Júlíusdóttir, Eyþór Laxdal Arndals, Hildur Björnsdóttir,
Valgarður Lyngdal Jónsson, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir,

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2021, mánudaginn 31. maí kl. 13:00 var haldinn 306. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn á Bæjarhálsi 1, og um fjarfundarbúnað.

Fundarfólk: Brynhildur Davíðsdóttir, Gylfi Magnússon, Eyþór Laxdal Arnalds, sem tók þátt um fjarfundabúnað, Sigríður Rut Júlíusdóttir, Hildur Björnsdóttir, Valgarður Lyngdal Jónsson og Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir. Fulltrúi starfsmanna var Unnur Líndal, formaður stjórnar STOR.

Einnig sat fundinn Bjarni Bjarnason, forstjóri.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Þetta gerðist:

1. Fundargerð SF 305 lögð fram og samþykkt. Fundargerðin verður undirrituð rafrænt.

2. Klukkan 13:10 mætti Ingvar Stefánsson, framkvæmdastjóri fjármála til fundarins ásamt Bryndísi Maríu Leifsdóttur. Ingvar lagði fram og kynnti ársfjórðungs uppgjör samstæðu OrkuveituReykjavíkur. Umræður. Uppgjörið samþykkt samhljóða og verður undirritað rafrænt.

   Gísli Björn Björnsson mætti til fundarins kl 13:25 og kynnti stöðuna á álmörkuðum. Umræður.

   Áhættuskýrsla, dags. 14.05.2021, lögð fram.

3. Lögð fram drög að minnisblaði Elínar Smáradóttur, dags. 27. maí 2021 sem er svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins í borgarráði, um greiðslur til starfskjaranefndar Orkuveitu Reykjavíkur. Umræður.

4. Edda Sif Pind Aradóttir, framkvæmdastýra Carbfix ohf. mætti til fundarins kl. 13:50 og kynnti áætlanir um framtíðarskipulag fyrirtækisins.
   Umræður.

5. Klukkan 14:45 mætti Guðrún Erla Jónsdóttir stefnustjóri til fundarins og kynnti breytingar á framsetningu og rýni stefna í samstæðu OR.

6. Guðrún Erla lagði fram til rýni mannauðsstefnu og siðarreglur Orkuveitu Reykjavíkur. Hún lagði til að stefnan og siðareglurnar yrðu óbreyttar. Samþykkt.

   Starfskjarastefna lögð fram óbreytt en með leiðréttingu á tilvísun. Persónuverndarstefna einnig lögð fram óbreytt. Samþykkt.

7. Lögð fram til kynningar skýrsla Jóns Gunnars Borgþórssonar, dagsett 21. apríl 2021 um stjórnhætti og skipan stjórna dótturfélaga Orkuveitu Reykjavíkur. Umræður.

8. Klukkan 15:30 mætti Hildigunnur H. Thorsteinsson, framkvæmdastjóri rannsókna og nýsköpunar til fundarins, lagði fram og kynnti minnisblað um forðagæslu, dags. 27. maí 2021. Einnig lagt fram minnisblað um stöðu umhverfismælikvarða, dags. 27. maí 2021.

9. Lagt fram minnisblað, dags. 27. maí 2021 um áhrif vatnsmiðlunar á lífríki Skorradals-vatns og Andakílsár. Umræður.

10. Forstjóri lagði fram og gerði grein fyrir skýrslu sinni, dags. 27. maí 2021, um starfsemina á milli stjórnarfunda. Umræður.

11. Önnur mál.

- Lagt fram og kynnt minnisblað, dags. 28. maí 2021 um viðskipti Reykjavíkurborgar við Orku náttúrunnar. Eyþór Arnalds og Hildur Björnsdóttir óska bókað:

  Borgin keypti raforku og þjónustu af ON fyrir 826 milljónir króna árið 2020 án útboðs. Í ljós kom að ekki var heildarsamningur um raforkukaupin og enginn afsláttur, en nú hefur hann verið veittur afturvirkt. Mikill munur er á raforkuverði og fjárhæðir yfir útboðsmörkum. Nú hafa fallið úrskurðir um að bjóða eigi út raforkukaup borgarinnar og þjónustu vegna LED væðingu. Það er því einboðið að þessu verði breytti hið fyrsta.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 16:35.

Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 28. júní 2021.

Brynhildur Davíðsdóttir,
Gylfi Magnússon, Sigríður Rut Júlíusdóttir, Eyþór Laxdal Arndals, Hildur Björnsdóttir,
Valgarður Lyngdal Jónsson, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir,

Umhverfis- og auðlindastefna OR

Samþætting við stefnu um vistvænar samgöngur

Hólmfríður Sigurðardóttir umhverfisstýra OR

Stjórn OR

28. júní 2021

Tillaga:

Samþætta stefnu um vistvænar samgöngur og umhverfis- og auðlindastefnu

Stefna um vistvænar samgöngur fyrir samþættingu

OR Orkuveita Reykjavíkur

STJÓRNUNARHANDBÓK
STEFNA OR UM VISTVÆNAR SAMGÖNGUR | **STE-055-14.0**

[Stefnan yfirfarin og samþykkt á stjórnarfundi OR 25. nóvember 2019]

7 SJÁLFBÆR ORKA

13 AÐGERÐIR Í LOFTSLAGSMÁLUM

Stefna um vistvænar samgöngur:

Stefna um vistvænar samgöngur byggir á gildum og heildarstefnu Orkuveitu Reykjavíkur (OR) og er sett fram til samræmis við eigendastefnu.

Það er stefna OR og dótturfélaga að:

- Vera í fararbroddi í vistvænum samgöngum og gefa gott fordæmi.
- Nýta stöðu sína og þekkingu til framþróunar vistvænna samgangna.
- Nýta innviði og orkustrauma samstæðunnar til að breikka framboð á lausnum.
- Auka hlut vistvænna samgangna á Íslandi.

Þetta gera OR og dótturfélög með því að:

- Ganga fram með góðu fordæmi.
- Þróa og byggja upp innviði.
- Nýta afurðir samstæðunnar til framleiðslu vistvænna orkugjafa.

OR Orkuveita Reykjavíkur

STJÓRNUNARHANDBÓK
UMHVERFIS- OG AUÐLINDASTEFNA OR | **STE-030-29.0**

[Stefna yfirfarin og samþykkt á stjórnarfundi OR 23.11.2020]

Umhverfis- og auðlindastefna OR

Umhverfis- og auðlindastefnan er skuldbinding Orkuveitu Reykjavíkur (OR) um stöðugar umbætur í umhverfismálum. Hún vísar okkur veginn og er grundvöllur góðs samstarfs við hagsmunaaðila. Umhverfis- og auðlindastefnan byggir á gildum og heildarstefnu OR.

OR hlítir öllum ákvæðum laga og reglugerða sem um starfsemina gilda.

Umhverfis- og auðlindastefnan er sett fram með eftirfarandi meginreglum og útfærð nánar með markvissri stjórnun og umbótum þýðingarmikilla umhverfisþátta:

Loftslag og loftslagsáhætta
Samstæða OR stefnir á kolefnishlutleysi árið 2030. Samstæðan vinnur gegn og bregst við áhrifum loftslagsbreytinga með eigin starfsemi og hefur þannig bein áhrif á kolefnisspor íbúa og atvinnulífs. Hvert fyrirtæki vinnur eftir eigin markmiðum og stýrir sinni loftslagstengdu áhættu.

Ábyrg auðlindastýring
OR er falin mikil ábyrgð á þeim auðlindum sem hún nýtir. Ábyrgðin felst í því að vinna eftir hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar og því að tryggja sjálfbæra nýtingu, það er að komandi kynslóðir búi við sömu tækifæri og núlifandi kynslóðir til að nýta auðlindirnar og að unnt sé að staðfesta að þannig sé að verki staðið. OR skuldbindur sig til þess að leita farsælla lausna þar sem auðlindanýting í almannaþágu er vegin og metin í samhengi við aðra hagsmuni. OR mun verja auðlindirnar fyrir hættum og ágengni, vegna þeirrar ábyrgðar sem fyrirtækinu er falin.

Gagnsemi veitna
Aðgangur að veitum OR stuðlar að heilnæmum lífsskilyrðum fólks og tækifærum til umhverfisvænnar starfsemi í samfélaginu. Þessi ákvæðu umhverfisáhrif eru ráðandi þegar ákvarðanir eru teknar um þróun virkjana og veitna. Þær ákvarðanir eru byggðar á því að OR gerir miklar kröfur um gæði, afhendingaröryggi og hagkvæmni og birtir greinargóðar upplýsingar um starfsemina og framtíðaráætlanir fyrirtækisins.

Áhrif losunar
Starfsemi OR leiðir óhjákvæmilega til þess að efni og orka losna út í umhverfið. OR gætir fyllstu varúðar í starfsemi sinni og stefnir að sporléttri vinnslu og starfsemi. Losun fer því aðeins fram að áhrif á heilsu séu hverfandi og áhrif á umhverfi viðunandi. OR dregur úr losun gróðurhúsalofttegunda og mengandi efna eins og kostur er og leggur áherslu á rannsóknir og þróun til að geta nýtt bestu mögulegu lausnir í þeim tilgangi.

Áhrif í samfélaginu
OR er stórt fyrirtæki á landsvísu og þar býr mikil þekking og reynsla á hagnýtingu jarðvarma, uppbyggingu innviða og öðrum þáttum í starfsemi fyrirtækisins. OR miðlar þekkingu og beitir áhrifum í viðskeðjunni, sem hvetur til ábyrgrar umgengni við umhverfið, ábyrgrar neysluhegðunar og jákvæðra samfélagsáhrifa þar á meðal orkuskipta í samgöngum.

Reksturinn
Rekstur OR byggir á skipulegum og öguðum vinnubrögðum margra starfsmanna á dreifðum starfsstöðvum. Daglegt starf felst meðal annars í því að nýta vel orku og aðföng, vanda til mannvirkja, hirða vel um lóðir og lendur, meðhöndla úrgang á ábyrgan hátt og hvetja til vistvænna samgangna. OR vill vera til fyrirmyndar í starfsemi sinni og byggja upp hæfni starfsfólks í þeim efnum.

Umhverfis- og auðlindastefna OR

fyrir samþættingu

Áhrif í samfélaginu

Tillaga að breytingu:

Viðbót: *„…og þróun…*

Viðbót:*„… en þar er OR í fararbroddi. OR nýtir stöðu sína og þekkingu til hvatningar og framþróunar vistvænna samgangna og nýtir innviði og orkustrauma sína til að breikka framboð á lausnum.*

Áhrif í samfélaginu

OR er stórt fyrirtæki á landsvísu og þar býr mikil þekking og reynsla á hagnýtingu jarðvarma, uppbyggingu og þróun innviða og öðrum þáttum í starfsemi fyrirtækisins. OR miðlar þekkingu og beitir áhrifum í virðiskeðjunni, sem hvetur til ábyrgrar umgengni við umhverfið, ábyrgrar neysluhegðunar og jákvæðra samfélagsáhrifa þar á meðal orkuskipta í samgöngum þar sem OR er í fararbroddi. OR nýtir stöðu sína og þekkingu til hvatningar og framþróunar vistvænna samgangna og nýtir innviði og orkustrauma sína til að breikka framboð á lausnum.

- Vera í fararbroddi í vistvænum samgöngum og gefa gott fordæmi. Fer einnig í þýðingarmiklum umhverfisþætti um Orkuskipti í samgöngum)
- Nýta stöðu sína og þekkingu til framþróunar vistvænna samgangna.
- Nýta innviði og orkustrauma samstæðunnar til að breikka framboð á lausnum.
- Auka hlut vistvænna samgangna á Íslandi. Fer í þýðingarmiklum umhverfisþætti um Orkuskipti í samgöngum)
- Ganga fram með góðu fordæmi. Fer í þýðingarmiklum umhverfisþætti um Orkuskipti í samgöngum)
- Þróa og byggja upp innviði. Fer einnig í þýðingarmiklum umhverfisþætti um Orkuskipti í samgöngum)
- Nýta afurðir samstæðunnar til framleiðslu vistvænna orkugjafa. Fer í þýðingarmiklum umhverfisþætti um Orkuskipti í samgöngum)

Reksturinn

Tillaga að breytingu:

Viðbót: *„… ganga fram með góðu fordæmi með orkuskiptum í rekstri sínum.“*

Reksturinn

Rekstur OR byggir á skipulegum og öguðum vinnubrögðum margra starfsmanna á dreifðum starfsstöðvum. Daglegt starf felst meðal annars í því að nýta vel orku og aðföng, vanda til mannvirkja, hirða vel um lóðir og lendur, meðhöndla úrgang á ábyrgan hátt, hvetja til vistvænna samgangna og ganga fram með góðu fordæmi með orkuskiptum í rekstri sínum. OR vill vera til fyrirmyndar í starfsemi sinni og byggja upp hæfni starfsfólks í þeim efnum.

·Vera í fararbroddi í vistvænum samgöngum og gefa gott fordæmi. Fer í þýðingarmiklum umhverfisþætti um Orkuskipti í samgöngum)
· Nýta stöðu sína og þekkingu til framþróunar vistvænna samgangna.
· Nýta innviði og orkustrauma samstæðunnar til að breikka framboð á lausnum.
· Auka hlut vistvænna samgangna á Íslandi. Fer í þýðingarmiklum umhverfisþætti um Orkuskipti í samgöngum)
· Ganga fram með góðu fordæmi. Fer einnig í þýðingarmiklum umhverfisþætti um Orkuskipti í samgöngum)
· Þróa og byggja upp innviði. Fer einnig í þýðingarmiklum umhverfisþætti um Orkuskipti í samgöngum)
· Nýta afurðir samstæðunnar til framleiðslu vistvænna orkugjafa. Fer í þýðingarmiklum umhverfisþætti um Orkuskipti í samgöngum)

[Stefna yfirfarin og samþykkt á stjórnarfundi OR 28.06.2021]

Umhverfis- og auðlindastefna OR

Umhverfis- og auðlindastefnan er skuldbinding Orkuveitu Reykjavíkur (OR) um stöðugar umbætur í umhverfismálum. Hún vísar okkur veginn og er grundvöllur góðs samstarfs við hagsmunaaðila. Umhverfis- og auðlindastefnan byggir á gildum og heildarstefnu OR.

OR hlítir öllum ákvæðum laga og reglugerða sem um starfsemina gilda.

Umhverfis- og auðlindastefnan er sett fram með eftirfarandi meginreglum og útfærð nánar með markvissri stjórnun og umbótum þýðingarmikilla umhverfisþátta:

Loftslag og loftslagsáhætta
Samstæða OR stefnir á kolefnishlutleysi árið 2030. Samstæðan vinnur gegn og bregst við áhrifum loftslagsbreytinga með eigin starfsemi og hefur þannig bein áhrif á kolefnisspor íbúa og atvinnulífs. Hvert fyrirtæki vinnur eftir eigin markmiðum og stýrir sinni loftslagstengdu áhættu.

Ábyrg auðlindastýring
OR er falin mikil ábyrgð á þeim auðlindum sem hún nýtir. Ábyrgðin felst í því að vinna eftir hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar og því að tryggja sjálfbæra nýtingu, það er að komandi kynslóðir búi við sömu tækifæri og núlifandi kynslóðir til að nýta auðlindirnar og að unnt sé að staðfesta að þannig sé að verki staðið. OR skuldbindur sig til þess að leita farsælla lausna þar sem auðlindanýting í almannaþágu er vegin og metin í samhengi við aðra hagsmuni. OR mun verja auðlindirnar fyrir hættum og ágengni, vegna þeirrar ábyrgðar sem fyrirtækinu er falin.

Gagnsemi veitna
Aðgangur að veitum OR stuðlar að heilnæmum lífsskilyrðum fólks og tækifærum til umhverfisvænnar starfsemi í samfélaginu. Þessi jákvæðu umhverfisáhrif eru ráðandi þegar ákvarðanir eru teknar um þróun virkjana og veitna. Þær ákvarðanir eru byggðar á því að OR gerir miklar kröfur um gæði, afhendingaröryggi og hagkvæmni og birtir greinargóðar upplýsingar um starfsemina og framtíðaráætlanir fyrirtækisins.

Áhrif losunar
Starfsemi OR leiðir óhjákvæmilega til þess að efni og orka losna út í umhverfið. OR gætir fyllstu varúðar í starfsemi sinni og stefnir að sporléttri vinnslu og starfsemi. Losun fer því aðeins fram að áhrif á heilsu séu hverfandi og áhrif á umhverfi viðunandi. OR dregur úr losun gróðurhúsalofttegunda og mengandi efna eins og kostur er og leggur áherslu á rannsóknir og þróun til að geta nýtt bestu mögulegu lausnir í þeim tilgangi.

Áhrif í samfélaginu
OR er stórt fyrirtæki á landsvísu og þar býr mikil þekking og reynsla á hagnýtingu jarðvarma, uppbyggingu og þróun innviða og öðrum þáttum í starfsemi fyrirtækisins. OR miðlar þekkingu og beitir áhrifum í virðiskeðjunni, sem hvetur til ábyrgrar umgengni við umhverfið, ábyrgrar neysluhegðunar og jákvæðra samfélagsáhrifa þar á meðal orkuskipta í samgöngum þar sem OR er í fararbroddi. OR nýtir stöðu sína og þekkingu til hvatningar og framþróunar vistvænna samgangna og nýtir innviði og orkustrauma sína til að breikka framboð á lausnum.

Reksturinn
Rekstur OR byggir á skipulegum og öguðum vinnubrögðum margra starfsmanna á dreifðum starfsstöðvum. Daglegt starf felst meðal annars í því að nýta vel orku og aðföng, vanda til mannvirkja, hirða vel um lóðir og lendur, meðhöndla úrgang á ábyrgan hátt og hvetja til vistvænna samgangna og ganga fram með góðu fordæmi með orkuskiptum í rekstri sínum. OR vill vera til fyrirmyndar í starfsemi sinni og byggja upp hæfni starfsfólks í þeim efnum.

Tillaga að breyttri umhverfis- og auðlindastefnu

HAGSÝNI FRAMSÝNI HEIÐARLEIKI

[Stefna yfirfarin og samþykkt á stjórnarfundi OR 28.06.2021]

Umhverfis- og auðlindastefna OR

Umhverfis- og auðlindastefnan er skuldbinding Orkuveitu Reykjavíkur (OR) um stöðugar umbætur í umhverfismálum. Hún vísar okkur veginn og er grundvöllur góðs samstarfs við hagsmunaaðila. Umhverfis- og auðlindastefnan byggir á gildum og heildarstefnu OR.

OR hlítir öllum ákvæðum laga og reglugerða sem um starfsemina gilda.

Umhverfis- og auðlindastefnan er sett fram með eftirfarandi meginreglum og útfærð nánar með markvissri stjórnun og umbótum þýðingarmikilla umhverfisþátta:

Loftslag og loftslagsáhætta
Samstæða OR stefnir á kolefnishlutleysi árið 2030. Samstæðan vinnur gegn og bregst við áhrifum loftslagsbreytinga með eigin starfsemi og hefur þannig bein áhrif á kolefnisspor íbúa og atvinnulífs. Hvert fyrirtæki vinnur eftir eigin markmiðum og stýrir sinni loftslagstengdu áhættu.

Ábyrg auðlindastýring
OR er falin mikil ábyrgð á þeim auðlindum sem hún nýtir. Ábyrgðin felst í því að vinna eftir hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar og því að tryggja sjálfbæra nýtingu, það er að komandi kynslóðir búi við sömu tækifæri og núlifandi kynslóðir til að nýta auðlindirnar og að unnt sé að staðfesta að þannig sé að verki staðið. OR skuldbindur sig til þess að leita farsælla lausna þar sem auðlindanýting í almannaþágu er vegin og metin í samhengi við aðra hagsmuni. OR mun verja auðlindirnar fyrir hættum og ágengni, vegna þeirrar ábyrgðar sem fyrirtækinu er falin.

Gagnsemi veitna
Aðgangur að veitum OR stuðlar að heilnæmum lífsskilyrðum fólks og tækifærum til umhverfisvænnar starfsemi í samfélaginu. Þessi jákvæðu umhverfisáhrif eru ráðandi þegar ákvarðanir eru teknar um þróun virkjana og veitna. Þær ákvarðanir eru byggðar á því að OR gerir miklar kröfur um gæði, afhendingaröryggi og hagkvæmni og birtir greinargóðar upplýsingar um starfsemina og framtíðaráætlanir fyrirtækisins.

Áhrif losunar
Starfsemi OR leiðir óhjákvæmilega til þess að efni og orka losna út í umhverfið. OR gætir fyllstu varúðar í starfsemi sinni og stefnir að sporléttri vinnslu og starfsemi. Losun fer því aðeins fram að áhrif á heilsu séu hverfandi og áhrif á umhverfi viðunandi. OR dregur úr losun gróðurhúsalofttegunda og mengandi efna eins og kostur er og leggur áherslu á rannsóknir og þróun til að geta nýtt bestu mögulegu lausnir í þeim tilgangi.

Áhrif í samfélaginu
OR er stórt fyrirtæki á landsvísu og þar býr mikil þekking og reynsla á hagnýtingu jarðvarma, uppbyggingu og þróun innviða og öðrum þáttum í starfsemi fyrirtækisins. OR miðlar þekkingu og beitir áhrifum í virðiskeðjunni, sem hvetur til ábyrgrar umgengni við umhverfið, ábyrgrar neysluhegðunar og jákvæðra samfélagsáhrifa þar á meðal orkuskipta í samgöngum þar sem OR er í fararbroddi. OR nýtir stöðu sína og þekkingu til hvatningar og framþróunar vistvænna samgangna og nýtir innviði og orkustrauma sína til að breikka framboð á lausnum.

Reksturinn
Rekstur OR byggir á skipulegum og öguðum vinnubrögðum margra starfsmanna á dreifðum starfsstöðvum. Daglegt starf felst meðal annars í því að nýta vel orku og aðföng, vanda til mannvirkja, hirða vel um lóðir og lendur, meðhöndla úrgang á ábyrgan hátt og hvetja til vistvænna samgangna og ganga fram með góðu fordæmi með orkuskiptum í rekstri sínum. OR vill vera til fyrirmyndar í starfsemi sinni og byggja upp hæfni starfsfólks í þeim efnum.

Þýðingarmiklir umhverfisþættir

OR hefur skilgreint eftirfarandi umhverfisþætti sem þýðingarmikla með hliðsjón af þeim meginreglum sem fram koma í umhverfis- og auðlindastefnunni. OR setur sér markmið um þessa umhverfisþætti og skilgreinir ábyrgð:

Loftslag og loftslagsáhætta:
- Losun gróðurhúsalofttegunda
- Binding gróðurhúsalofttegunda

Ábyrg auðlindastýring:
- Stýring vinnslu á háhitasvæðum
- Stýring vinnslu á lághitasvæðum
- Land undir virkjanir og önnur athafnasvæði
- Verndun neysluvatns

Gagnsemi veitna:
- Aðgangur að fjölbreyttri notkun háhita
- Aðgangur að rafveitu
- Aðgangur að hitaveitu
- Aðgangur að vatnsveitu
- Aðgangur að fráveitu
- Aðgangur að gagnaveitu

Áhrif losunar:
- Losun jarðhitavatns og eftirlit með grunnvatni
- Losun brennisteinsvetnis
- Jarðskjálftar vegna losunar affallsvatns
- Losun frárennslis frá hreinsistöðvum
- Losun frárennslis um yfirföll

Áhrif í samfélaginu:
- Miðlun þekkingar á hagnýtingu jarðvarma og öðrum þáttum í starfseminni
- Miðlun þekkingar um ábyrga neysluhegðun
- Innkaup
- Orkuskipti í samgöngum

Reksturinn:
- Úrgangur
- Samgöngur
- Mannvirki og umgengni
- Efnanotkun

Stefnan byggir á gildum og heildarstefnu OR og er sett fram til samræmis við eigendastefnu.

Tilvísanir

SKI-100; Ábyrgðir í vottuðum stjórnunarkerfum.
SKI-210; Umhverfisstjórnunarkerfi (ISO14001).
STE-031; Lykilárangur – Staða loftslagsmælikvarða.
STE-131; Lykilárangur - Staða vatnsbóla.
STE-132; Lykilárangur - Opinber leyfi Veitna.
STE-133; Lykilárangur - Staða lághitaauðlindar.
STE-232; Lykilárangur - Opinber leyfi ON.
STE-233; Lykilárangur - Styrkur brennisteinsvetnis.

[Stefna yfirfarin og samþykkt á stjórnarfundi OR 28.06.2021]

OR's Environmental and Resources Policy

The environmental and resources policy is OR's commitment to continuous environmental reform. It shows us the way and is the basis for good cooperation with stakeholders. The environmental and resource policy is based on OR's values and business strategy.

OR complies with all provisions of laws and regulations that apply to the business.

The environmental and resource policy is set out with the following principles and further elaborated through systematic management and reform of significant environmental aspects:

Climate and climate risk
OR aims for carbon neutrality by 2030. OR counteracts and responds to the effects of climate change through its own activities, thus directly affecting the carbon footprint of the population and the economy. OR manages its climate-related risks.

Responsible management of resources
OR is entrusted with great responsibility for the resources it utilizes. The responsibility lies in working according to the ideology of sustainable development and in ensuring sustainable utilization, that is, future generations will have the same opportunities as current generations to utilize the resources and that it can be confirmed that this is the case. OR is committed to seeking successful solutions where public resource use is evaluated in the context of other interests. OR will protect the resources from threats and intrusion, due to the responsibility entrusted to the company.

Benefit of utility operations
Access to OR utilities promotes healthy living conditions for people and opportunities for environmentally friendly activities in the community. This positive environmental impact is crucial when decisions are made about the development of power plants and utilities. These decisions are based on the fact that OR makes high demands on quality, delivery security and efficiency, and publishes clear information about the company's operations and future plans.

Impact of emissions
OR's operations inevitably lead to the release of materials and energy into the environment. OR takes the utmost care in its operations and aims for near-zero carbon footprint processing and operations. Emissions only occur when the effects on health are negligible and the effects on the environment are acceptable. OR reduces greenhouse gas and pollutant emissions as much as possible and focuses on research and development in order to be able to use the best possible solutions for that purpose.

Impact in society
OR has extensive knowledge and experience in the utilization of geothermal energy, infrastructure development and other aspects of the company's operations. OR imparts knowledge and influences in the value chain, which encourages responsible treatment of the environment, responsible consumer behavior and positive social impact including energy shift in transport, where OR is at the forefront. OR utilizes its position and knowledge to encourage and develop climate friendly transport and utilizes its infrastructure and energy flows to broaden the supply of solutions.

The operation
OR's operations are based on the organized and disciplined work methods of employees at distributed establishments. Daily work involves, among other things, responsible use of energy and resources, upholding the quality of structures, taking good care of plots and land, treating waste responsibly and encouraging climate friendly transport and set a good example with energy shift in its operations. OR wants to be a role model in its operations and build the skills of its staff in that regard.

[Stefna yfirfarin og samþykkt á stjórnarfundi OR 28.06.2021]

Significant environmental aspects [...]

OR defines the following environmental aspects as significant in the light of the principles set out in the environmental and resources policy. OR sets goals for these environmental aspects and defines responsibilities:

Climate and climate risk
- Emission of greenhouse gasses
- Greenhouse gas sequestration

Responsible management of resources
- Managing production in high-temperature geothermal fields
- Managing production in low-temperature geothermal fields
- Land for power plants and other developing sites
- Conservation of potable water resources

Benefit of utilities
- Access to a more diversified utilization of high-temperature geothermal resources
- Access to electricity utility
- Access to geothermal district heating utility
- Access to potable water utility
- Access to fiber network utility
- Access to a carbon utility

Impact of emissions
- Discharge of geothermal water and monitoring of groundwater
- Hydrogen sulphide emissions
- Earthquakes due to release of dissolved carbon dioxide into water
- Discharge of wastewater from sewage treatment plants
- Discharge of drainage through overflows

Impact in society
- Dissemination of knowledge on geothermal energy utilization and other aspects of operations
- Dissemination of knowledge on responsible consumer behavior
- Procurement
- Energy shift in transport

The operation
- Waste
- Transport
- Infrastructure and maintenance
- Hazardous chemical use

Rýni gæðastefnu 2021
– og hugvekja um gæðakerfið, áhættustjórnun, og vottanir

Kristjana Kjartansdóttir forstöðumaður Áhættustjórnunar og ferla

OR Grunnur að lífsgæðum

VEITUR | GAGNAVEITA REYKJAVÍKUR | ON ORKA NÁTTÚRUNNAR | Carbfix

Stefnum hefur fjölgað hratt hjá OR samstæðunni og við viljum fækka þeim

- Gæðastefnan mun ná yfir þessa málaflokka:
  - Þjónustustjórnun (núverandi þjónustustefna verður lögð niður)
  - Verkefnastjórnun
  - Eigna- og viðhaldsstjórnun
  - Skjala- og upplýsingastjórnun (núverandi skjala- og upplýsingastjórnun verður lögð niður)
  - Stafræn vegferð

- Þessar setningar verða felldar úr gæðastefnunni (ný mannauðsstefna nær til nú til þessara þátta):
  - Starfsfólk kemur fram af virðingu og jákvæðni við hvert annað, viðskiptavini og hagsmunaaðila. (Heiðarleiki, framsýni).
  - Stjórnendur styðja starfsfólk til árangurs. (Hagsýni, framsýni).

Eftirfarandi tillaga að gæðastefnu OR er lögð fram til samþykktar:

Stefna Orkuveitu Reykjavíkur er að mæta þörfum viðskiptavina með því að miðla vörum og góðri þjónustu með hagkvæmum og öruggum hætti.

Stöðugar umbætur, flæði ferla og lífsferilshugsun liggja til grundvallar í allri starfseminni.

Lífsferilshugsun felur í sér heildarferilinn allt frá upplifun viðskiptavinar, upplýsingagjöf og* að því vinna með hliðsjón af öryggi, hagkvæmni, vistspori og förgun á líftíma. *(Hagsýni, framsýni, heiðarleiki)*

OR leggur sérstaka áherslu á * :

- virðisaukandi þjónustu
- faglega verkefnastjórnun
- hagkvæma viðhalds- og eignastjórnun
- skjala- og upplýsingastjórnun
- notkun á tækni til að auka virði og hagkvæmni

Gæðastefnan byggir á gildum og heildarstefnu OR og sett fram til samræmis við eigendastefnu.

Tilvísanir: SKI-100; Ábyrgðir i vottuðum stjórnunarkerfum.
SKI-205; Gæðastjórnunarkerfi (ISO 9001).

* Nýr texti

Virðisaukandi þjónusta:



Fagleg verkefnamenning:

Verkefnamenning - Breytingakúrfan

Myndlíking fengin að láni frá The Process of Transition – John Fisher, 2012

3 - 4

2021 2022-2023

2019 OPM3 1,9

2020 OPM3 1,5

Fagleg verkefnamenning:

Úr könnun um verkefnamenningu OR samstæðunnar mars 2021

Það er mín skoðun að á árinu 2020 hafi orðið jákvæð breyting á verkefnamenningu innan OR samstæðunnar

JÁ	NEI	VEIT EKKI
71%	2%	26%

Hugvekja um gæðakerfið, áhættustjórnun, og vottanir

OR leggur áherslu á fimm Heimsmarkmiðanna í allri starfsemi samstæðunnar.

Stefna, áhættugreiningar og aðgerðir



Stefna/markmið OR

Staðlar

Stýringar
Viðbragðsáætlanir

Kjarnaáhætta
Rekstraráhætta
Markaðsáhætta
Lausafjáráhætta
Mótaðilaáhætta

Mynd 1: Uppbygging innra eftirlits.

Heimild: Skýrsla IE um aðra varnarlínu OR samstæðunnar 2020

Okkur er skylt að innleiða þessa staðla og stjórnunarkerfi, og eru þau tekin út reglulega af eftirlitsaðilum / vottunarstofum:

Kerfi	
ÍST 85	Jafnlaunastjórnunarkerfi.
RÖSK	Rafmagnsöryggisstjórnunarkerfi.
HACCP	Matvælaöryggisstjórnunarkerfi.
	Innra eftirlitskerfi sölumæla.

Við höfum valið innleiðingu þessara ISO staðla:

Kerfi	
ISO 9001	**Gæðastjórnunarkerfi.** Lagalegar kröfur eru um innleiðingu á gæðastjórnun vegna rafmagnsöryggis, hönnuða og sölumæla. Þetta á við um Veitur, ON og GR.
ISO 14001	**Umhverfisstjórnunarkerfi**. Værum við t.d. með græn skuldabréf ef við værum ekki með vottunina?
ISO 45001	**Stjórnunarkerfi fyrir heilsu og öryggi.** Slysum á starfsfólki hefur fækkað.
ISO 27001	**Upplýsingaöryggisstjórnun**. Lagaleg krafa er um upplýsingaöryggisstjórnun vegna netöryggistilskipunar og persónuverndar. Eftirlitsaðilar nýta sér niðurstöður úttekta, t.d. Fjármálaeftirlitið.

Krafa eigenda að hafa stefnu í þessum málaflokkum.
Stjórnendur taka ákvörðun um vottun.
Úttektir óháðra skoðunaraðila veita okkur stöðumat (BSI).

Hver er ávinningur af því að innleiða staðla?

Könnun Menon, Oxford Research og Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands á meðal 1200 norrænna fyrirtækja 2017-2018 sýnir m.a. hve sammála stjórnendur eru þessum fullyrðingum:

- Aukin skilvirkni í framleiðslu og virðiskeðju
- Því var hafnað að aukin staðlanotkun hindri nýsköpun og þróun
- Staðlanotkun dregur úr áhættu (87%)
- Aukið traust (85%)
- Bætt aðgengi að mörkuðum (34%)
- Aukin gæði vöru og þjónustu (32%)
- Bætt samskipti (75%)
- Bætt hlíting við lög og reglur (84%)
- Mikilvægur þáttur í framtíðaráætlunum (87%)
- Ávinningur meiri en kostnaður (75%)
- Stór fyrirtæki sáu meiri ávinninginn en minni fyrirtæki

OR leggur áherslu á fimm Heimsmarkmiðanna í allri starfsemi samstæðunnar.

Gæðakerfi, áhættustjórnun, og notkun staðla styðja við heimsmarkmiðin í allri samstæðunni

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur - SF 307
Sendandi: Hólmfríður Sigurðardóttir, umhverfisstýra OR
Dagsetning: 16. júní 2021
Efni: **Umhverfismál fyrir stjórn OR 28. júní 2021. Staða þriggja árangursmælikvarða sem falla undir árangursvogina „Umhverfi og samfélag“**

Heiti mælikvarða	2018				2019				2020				2021			
	1. ÁF	2. ÁF	3. ÁF	4. ÁF	1. ÁF	2. ÁF	3. ÁF	4. ÁF	1. ÁF	2. ÁF	3. ÁF	4. ÁF	1. ÁF	2. ÁF	3. ÁF	4. ÁF
Opinber leyfi Carbfix í gildi og uppfyllt																
Opinber leyfi Veitna í gildi og uppfyllt													*			
Opinber leyfi ON í gildi og uppfyllt													**			
Styrkur brennisteinsvetnis í andrúmslofti																
Staða loftslagsmælikvarða																

*1.ÁF: 2x óhreinsað skólp í sjó í Reykjavík, 2x heitt vatn og 1x varasöm efni út í umhverfið og endurskoðun starfsleyfis fyrir hreinsistöð á Kjalarnesi ekki hafin 6 mán. áður en leyfi féll úr gildi
**1.ÁF: Varmamengun í lindum við Þingvallavant og 1x rennsli á yfirfall Hellisheiðarvirkjunar

Opinber leyfi OR, ON, Veitna og CarbFix í gildi og uppfyllt

ORKUVEITA REYKJAVÍKUR:

Árbæjarlón. Stýrihópur um Elliðaárdal skilaði skýrslu þann 7. júní sl. um tillögur og næstu skref um framtíð dalsins.
Fiskgengd um Árbæjarstíflu. Í samráði við Hafrannsóknarstofnun óskaði OR eftir leyfi Fiskistofu til að loka tveimur lokum af þremur í norðurhluta Árbæjarstíflu til að bæta fiskgengd um þröskulda á stíflunni. Leyfi liggur fyrir og gildir til lok október nk. Nú rennur Árbæjarkvísl um eina loku af þremur sem auðveldar uppgöngu fiska. Fylgst verður með áhrifum á fiskgegnd í Árbæjarkvísl í sumar. OR hefur óskað eftir úttekt á fuglalífi og er minnisblað að vænta fljótlega.

ORKA NÁTTÚRUNNAR:

Andakílsárvirkjun:
- 24. maí var 20 þúsund laxaseiðum sleppt í sleppitjarnir í Andakílsá og verður þeim sleppt í ána um miðjan júní.
- Fundur í ágúst með hagmunaaðilum í Skorradal og við Andakílsá til að ná sátt um vatnshæð og rekstrarform.

Hellisheiðarvirkjun. Kjörnir fulltrúar Sveitarfélagsins Ölfus heimsóttu Hellisheiðarvirkjun 11. júní, skoðuðu Vaxa, Carbfix og kynntu sér starfsemi ON.
Nesjavallavirkjun. Fundur haldinn með sveitarstjórn Grímsness og Grafningshrepps 16. júní þar sem kynntar verða breytingar á rekstri öryggislosunar skiljuvatns við virkjunina.
Hengill. Þétt net jarðskjálftamæla hefur verið sett upp á svæðinu til að bæta aðferðir við jarðhitaleit. Þess vænst að rannsóknir auðveldi stækkun jarðhitasvæða niður á við, lengi líftíma virkjana ON án þess að raska nýjum svæðum.
Leyfi:
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur framlengt starfsleyfi Nesjavallavirkjunar til 1. október nk.
- Vinnuhópur um 95% hreinsun á CO_2 við Hellisheiðarvirkjun mun hitta Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun og Heilbrigðiseftirliti Suðurlands í lok ágúst og kynna verkefnið.

Staða auðlinda. Sjá minnisblað framkvæmdastýru R&N um forðagæslu.

VEITUR:

Fráveita: Óhreinsað skólp fór í sjó við Ánanaust 10. júní í nokkrar mínútur vegna viðhalds.
Vatnsveita:
- Í kjölfar gróðurelda í Heiðmörk í byrjun maí óskuðu Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu eftir kynningu þann 11. maí sl. á viðbrögðum Veitna, fyrirbyggjandi aðgerðum og áframhaldandi samstarfi við Almannavarnir, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, lögreglu, heilbrigðiseftirlita, aðrar vatnsveitur og Skógræktarfélag Reykjavíkur.
- Umbótaverkefni stofnað hjá Veitum og tveir verkefnahópar vinna annars vegar með viðbragðsáætlanir og hins vegar með úrbótaverkefni til að koma í veg fyrir skógarelda.

Rafveita og **Hitaveita:** Ekkert nýtt.
Staða auðlinda. Sjá minnisblað framkvæmdastýru R&N um forðagæslu.

CARBFIX:

- Elkem Ísland ætlar að nota Carbfix til að fanga og farga CO_2 losun verksmiðjunnar á Grundartanga. Samhliða þessum áformum, mun þróunarfélagið Grundartangi meta hagkvæmni þess að nýta CO_2 losun frá verinu.

Styrkur brennisteinsvetnis í andrúmslofti

- Styrkur brennisteinsvetnis undir viðmiðunarmörkum frá áramótum.

Loftslagsmál

- **Samþætting umhverfis- og auðlindastefnu / stefnu um vistvænar samgöngur,** sjá kynningu umhverfisstýru OR.
- **Carbon Disclosure Project (CDP).** Unnið að upplýsingagjöf um loftslagsmál OR samstæðu í spurningalista á vegum CDP sem eru alþjóðleg matssamtök sem mæla árangur borga, ríkja og fyrirtækja í umhverfis- og loftslagsmálum.

Annað

Umsagnir um lög, reglugerðir, skipulagsáætlanir ofl:,
- OR samstæðan sendi inn umsögn þann 15. júní um drög að Vatnaáætlun fyrir Ísland 2022 – 2027. Lögð áhersla á mikilvægi samvinnu, kalt og heitt grunnvatn, nýtingu jarðhita til hitaveitu, hreinsun og meðhöndlun ofanvatns, orku- og veitustarfsemi í loftslagsmálum ofl.

Mat á umhverfisáhrifum: Ekkert nýtt.
Umhverfis- og loftslagsvakning:
- Kröfum Veitna um umhverfisvæna orkugjafa í útboðum lýst í erindum á fundi um orkuskipti á framkvæmdastað 3. júní.
  - Umhverfisstund haldin fyrir Bergverk 14. júní sl. vegna vinnu við tilraunalofthreinsistöð við Nesjavallavirkjun.

MINNISBLAÐ UM FORÐAGÆSLU

Viðtakandi: Bjarni Bjarnason, forstjóri

Sendandi: Hildigunnur Thorsteinsson, framkvæmdastýra Rannsókna og nýsköpunar

Dagsetning: 22.6.2021

Rannsóknarverkefnið Deepen

Settir hafa verið upp 500 jarðskjálftamælar á Hengilssvæðinu en það er stærsta og þéttasta net mæla sem sett hefur verið upp hér á landi. Mælarnir bætast við um 35 mæla Orku náttúrunnar, Veðurstofu Íslands og COSEISMIQ verkefnisins sem þegar voru á svæðinu. Til samanburðar má nefna að 56 mælar fylgjast með jarðhræringum á Reykjanesi, m.a. í tengslum við gosið í Geldingadölum. Til viðbótar við hefðbundna jarðskjálftamæla eru nú ljósleiðarar einnig nýttir til mælinga á jarðhræringum í Henglinum.

Uppsetning mælanna er hluti af DEEPEN verkefninu sem ætlað er að rannsaka rætur jarðhitakerfa og safna þekkingu sem nýta má þegar farið verður að bora dýpri holur við nýtingu jarðhita. Með djúpborun má komast hjá því að bora margar grynnri holur á stærra svæði. Einnig er vonast til að niðurstöðurnar úr verkefninu muni minnka óvissu í borunum á hefðbundnum virkjanasvæðum ON. Verkefnið er styrkt af alþjóðlega sjóðnum Geothermica, í gegnum Rannís, en sjóðurinn er samstarfsverkefni nokkurra Evrópulanda, auk Bandaríkjanna, sem veitir reglulega styrki til jarðhitarannsókna á borð við DEEPEN.

Vatnaskipti

Frá og með 8. júní var afhendingu heits vatns í þeim hverfum Reykjavíkur sem liggja vestan Elliðaáa, og á Kjalarnesi breytt og fá þau nú upphitað vatn frá virkjunum ON í stað vatns úr borholum á jarðhitasvæðum í Reykjavík og Mosfellsbæ. Með þessari aðgerð er allt höfuðborgarsvæðið komið á virkjanavatn en það léttir á vinnslu úr jarðhitasvæðunum svo hægt sé að tryggja sjálfbæran rekstur þeirra um ókomna framtíð og á sama tíma nýta betur framleiðslugetu virkjananna. Um tímabundna aðgerð er að ræða en ráðgert er að þessi tilhögun standi fram í seinni hluta júlímánaðar.

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Stjórn OR/borgarráð

Sendandi: Elín Smáradóttir, ritari stjórnar OR

Dagsetning: 21. júní 2021

Efni: **Greiðslur til starfskjaranefndar**

Orkuveitu Reykjavíkur hefur borist svohljóðandi erindi:

BORGARRÁÐ 11. mars 2021: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um greiðslur til starfskjaranefndar Orkuveitu Reykjavíkur - R21030120

BORGARRÁÐ 11. mars 2021: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um greiðslur til starfskjaranefndar Orkuveitu Reykjavíkur - R21030120

Þriggja manna starfskjaranefnd starfar innan Orkuveitu Reykjavíkur og fær hver nefndarmaður miðað við upplýsingar frá í janúar 2019, 25.000 kr. á tímann. Að auki fær formaður nefndarinnar sömu þóknun auk 50% álags, eða 37.500 krónur á tímann. Það er starfskjaranefnd sjálf sem leggur til hver laun nefndarmanna skulu vera. 1. Hvað hefur Orkuveita Reykjavíkur greitt til starfskjaranefndar félagsins síðan hún var sett á laggirnar sundurliðað eftir árum? 2. Hvað hefur formaður starfskjaranefndarinnar fengið greitt sundurliðað eftir árum?

Eftirfarandi er svar við fyrirspurninni:

Verkefni starfskjaranefndar

Regluleg verkefni starfskjaranefndar eru á hverju ári þau að gera tillögur til stjórnar um þóknanir stjórnar og um laun forstjóra.
Verkefni nefndarinnar hafa þó ekki takmarkast við það eitt heldur hefur nefndin á hverjum tíma unnið ýmsar greiningar og ábendingar að beiðni stjórnar.

Má hér m.a. nefna eftirfarandi verkefni starfskjaranefndar:
1. Árleg kjaraviðtöl við forstjóra ásamt gagnaöflun, greiningarvinnu og gerð álitsgerðar með tillögu til stjórnar.
2. Árleg greiningarvinna og gerð tillaga til stjórnar um þóknun stjórnar.
3. Álitsgerð til stjórnar um skilgreiningu og skýringu viðmiða við launaákvarðanir forstjóra auk greiningar og tillagna um nauðsynlega gagnaöflun fyrir árleg starfskjaraviðtöl forstjóra.
4. Ábendingar varðandi orðalag ráðningarsamnings forstjóra.
5. Ábendingar varðandi nauðsyn á að yfirfara ráðningarsamninga starfsmanna vegna stjórnarsetu í dótturfélögum.
6. Gerð minnisblaðs um mismunandi fyrirkomulag til ákvörðunar starfskjara forstjóra, að beiðni stjórnar.
7. Gerð starfsreglna starfskjaranefndar.
8. Gerð starfskjarastefnu OR fyrir og eftir uppskiptingu
9. Árleg kjaraviðtöl við innri endurskoðanda fram til ársins 2018, ásamt gagnaöflun, greiningarvinnu og gerð álitsgerðar með tillögu til stjórnar.

Greiðslur

	Greiðslur til formanna Brúttólaun	Heildargreiðslur (þ.m.t. til formanns)
2013-2014	700.000	2.041.969 ,-
2015-2016 (október)	39.028	189.790,-,-
2016 (nóvember) - 2018	434.950	969.560,-
2019	225.000	525.000
Grand Total	**1.398.978**	**4.076.319**

Athugasemdir við töflu

1. Greiðslur áranna 2013 og 2014 taka mið af því að við upphaf starfs nefndar þurfti að semja starfskjarastefnu félagsins sem og starfsreglur nefndar, auk venjubundinna starfa nefndarinnar.
2. Greiðslur á árinu 2018 eru samtala fyrir vinnu áranna 2016, 2017 og 2018.
3. Meðaltal greiðslna sem greiddar hafa verið til formanna frá stofnun nefndar er kr. 199.854,- á ári brúttólaun. Það gerir að meðaltali kr. 16.654,- brúttólaun á mánuði
4. Greiðslur hafa bæði farið að meðaltali lækkandi að teknu tilliti til heildarfjárhæðar til formanns og að teknu tilliti til verðlags.
5. Í hvert sinn sem stjórn hefur tekið ákvörðun um að breyta uppsetningu þóknunar starfskjaranefndar hefur það verið gert að frumkvæði þeirra sem
þóknunina þiggja, þ.e. að frumkvæði starfskjaranefndar sjálfrar. Hefur þá verið horft til þess í hvert sinn að auka gagnsæi og að gætt sé að hófsemi
en að sama skapi tekið tillit til þess að í nefndinni starfar fólk með sérþekkingu á viðfangsefninu, þ.m.t. utanaðkomandi vinnumarkaðssérfræðingur